

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, stofnanasvæði við Svöluklett.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. maí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að svæði fyrir stofnanir við Hrafnaklett færist til suðurs og breytir um lögun. Gert er ráð fyrir leikskólalóð á reitnum og verður aðkoma frá nýrri götu sem kallast Trönuklettur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. maí 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.